

80 ára afmæli Lýðveldisins Íslands 17. júní 2024 - Þakkir fyrir aðstoð við skipulagningu á dreifingu bókar, fána og lýðveldisköku um landið fyrir 17. júní !

Til : Ólöf Kristjánsdóttir <olof.kristjansdottir@for.is>;ua <ua@forlagid.is>
Frá : Margrét Hallgrímsdóttir <margret.hallgrimsdottir@for.is>
CC : Forsætisráðuneytið <for@for.is>;Auður B. Árnadóttir <Audur.b.arnadottir@for.is>;Anna Lísa Björnsdóttir <anna.lisa.bjornsdottir@for.is>
Heiti : 80 ára afmæli Lýðveldisins Íslands 17. júní 2024 - Þakkir fyrir aðstoð við skipulagningu á dreifingu bókar, fána og lýðveldisköku um landið fyrir 17. júní !
Málsnúmer : 2406091
Málsaðili : Forsætisráðuneytið
Skráð dags : 10.06.2024 19:54:50
Höfundur : Margrét Hallgrímsdóttir <margret.hallgrimsdottir@for.is>
Viðhengi [80 ára lýðveldi - Hátíðardagskrá.docx](#)
[Leiðbeiningar um notkun fána með merki lýðveldisafmælisins.pdf](#)
[Heildarskjal 10 júní til MH.xlsx](#)
[image003.png](#)

Sæl og blessuð kæra samstarfsfólk!

Fyrir hönd forsætisráðuneytisins þökkum við afar mikilsverða samvinnu við undirbúning hátíðardagskrár í tengslum við 80 ára afmæli Lýðveldisins Íslands. Það hefur verið mikils virði að eiga í samtali og samvinnu við ykkur vegna undirbúnings dreifingar og afhendingar bókarinnar *Fjallkonan*. Þú ert móðir vor kær, ásamt fánum með merki afmælisins og síðast en ekki síst lýðveldisbollakökunum sem bakarar víða um land taka þátt í að baka.

- **Meðfylgjandi er skjal sem lag er til grundvallar dreifingunni, sem viðkomandi aðilar eru beðnir um að rýna og senda athugasemdir við í síðasta lagi á morgun 11. júní á netföngin: olof.kristjansdottir@for.is; ua@forlagid.is).**

Forsætisráðuneytið gefur bókina út í samvinnu við Forlagið, sem er *gjöf til landsmanna*, og verður nú á grundvelli meðfylgjandi skjals dreift aðallega í sundlaugar og bókasöfn og í sendiráð Íslands erlendis. Fjallkonan er þjóðartákn og í bókinni er kafað ofan í sögu fjallkonunnar, ávörpin sem flutt hafa verið af íslenskri fjallkonu allt frá árinu 1947 ásamt úrvali þjóðhátíðarljóða. Í bókinni eru þýðingar m.a. á ensku og pólsku.

Við höfum notið góðs af ykkar ábendingum við undirbúninginn og þökkum fyrir samvinnu við afhendinguna sem og móttöku dagskrár sem aðgengileg er á vefnum www.lydveldi.is, m.a. í tengslum við verkefnið *Sungið með landinu* þar sem sjónum er beint að merku starfi kóra um allt land og verkefnið *Gengið um þjóðlendur* þar sem ferðafélög hafa skipulagt ferðir um þjóðlendur og víðerni Íslands.

Um leið og við sendum hamingjuóskir í tilefni hátíðarinnar vonumst við til að dagskráin höfði til sem flestra og stuðli að samveru og gleði á tímamótunum.

Virðingarfyllst,

f.h. afmælisnefndar

Margrét



Merki lýðveldisafmælis <https://www.stjornarradid.is/default.aspx?pageid=8ea4e344-1452-4e97-bc33-21fd07668952>

Margrét Hallgrímsdóttir, skrifstofustjóri / mannauðsstjóri / Director General / Head of Human Resources

Forsætisráðuneyti / Prime Minister's Office

Skrifstofa innviða og þróunar / Department of Infrastructure and Development

Stjórnarráðshúsinu, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8400

www.stjornarradid.is / www.government.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)